



## Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2018-108U018**

Dagsetning: **5. júní 2018**

Staðsetning: **Ólafsfjarðarvegur við Freyjulund**

Atvik: **Útafakstur**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

## Samantekt

Ökumaður hópbifreiðar missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að bifreiðin fór út af veginum á nokkurri ferð. Þegar bifreiðin var hálf inni á veginum hægra megin og hálf utan hans rann hún yfir heimreið, sem liggur þvert á veginn, og þaðan yfir árfarveg þar sem hún hafnaði á árbakkanum hinum megin árinna. Ökumaðurinn lést á spítala tæpum mánuði eftir slysið af völdum áverka sem hann hlaut í slysinu.

## Staðsetning



## Helstu upplýsingar

**Látinn:**

61 árs karl

**Veður og birta:**

Hiti 15°C, 4 m/s norðlæg átt og bjart

**Vegur:**Bundið slitlag. Hámarkshraði 90 km/klst, þurr yfirborð  
Meðaltalsumferð á sólarhring er 1721 ökutæki**Tími sólarhrings:**

Klukkan 15:54

**Ökutæki:**

King Long XMQ hópbifreið, nýskráð árið 2013

## Lýsing á slysi

### Atvikalýsing

Hópbifreið var ekið suður Ólafsfjarðarveg um miðjan dag þriðjudaginn 5. júní 2018. Einn farþegi, 9 ára gamalt barn, var í bifreiðinni auk ökumanns. Hópbifreiðin var almenningsvagn (strætisvagn), á leið milli Siglufjarðar og Akureyrar þegar slysið átti sér stað.

Við félagsheimilið Freyjulund missti ökumaður stjórn á bifreiðinni þannig að bifreiðin fór út í vegkant hægra megin. Föer eftir hægri hjól bifreiðarinnar voru greinileg í vegfláanum og fór bifreiðin yfir heimreið að félagsheimilinu og á nokkurri ferð yfir ána Reystará. Bifreiðin lenti harkalega á árbakkanum hinum megin árinna og stöðvaðist án þess að velja. Rúmir 100 metrar voru frá þeim stað þar sem bifreiðin fór fyrst út af veginum þar til hún stöðvaðist.



**Mynd 1:** Mynd tekin í akstursátt bifreiðarinnar, til suðurs. Sjá má föer eftir hægri hjól hennar þar sem hún fór yfir heimreiðina.

### Áverkar

Ökumaðurinn var ekki spenntur í öryggisbelti og kastaðist hann fram á stýrið þegar bifreiðin rakst í árbakkann. Hann hlaut alvarlega fjölaverka í slysinu og lést á spítala tæpum mánuði eftir slysið af þeirra völdum. Rannsóknarnefndin telur mögulegt að ökumaðurinn hefði lifað slysið af hefði hann verið spenntur í öryggisbelti. Farþeginn slasaðist lítillega. Hann var spenntur í þriggja punkta belt.

### Ökumaðurinn

Ökumaðurinn var með gild ökuréttindi. Við rannsókn málsins kom í ljós að hann átti við margvísleg heilsufarsvandamál að stríða og að mati nefndarinnar var ökuhæfi hans sennilega skert sökum veikinda og lyfjanotkunar vegna þeirra. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin aflaði sér við rannsókn málsins var maðurinn upplýstur af lækni um áhrif lyfjanna.

### Ökutækið

Ökutækið var hópbifreið af gerðinni King Long, nýskráð árið 2013 og með sæti fyrir 55 farþega. Hún var tekin til skoðunar 16. nóvember 2017 og hlaut skoðun án athugasemda. Bifreiðina hefði átt að færa næst til skoðunar í apríl 2018, eða í síðasta lagi fyrir lok júnímánaðar. Ökumaðurinn var að leysa tímabundið af fastan ökumann bifreiðarinnar. Samkvæmt þeim ökumanni var bifreiðin í góðu ástandi fyrir slysið.

## Vegur og umhverfi

Vegurinn liggur beinn þar sem slysið varð. Vegyfirborð var með bundnu slitlagi og þurrt. Lítil vindur var og sólskin. Sunnan við ána Reystará er afleggjari af þjóðveginum. Myndar hann brattan árbakka sem hópbifreiðin rakst harkalega á í slysinu.



Mynd 2: Árbakkinn sem hópbifreiðin stöðvaðist á í slysinu. Mynd tekin í akstursátt bifreiðarinnar, rétt sunnan við afleggjarann að Freyjulundi.

## Ökuhraði

Bifreiðin var útbúin ökurita. Samkvæmt honum var hraðinn síðustu mínúturnar fyrir slysið 96 til 98 km/klst. Hraði hennar var 96 km/klst þegar hægri hjólin fóru út fyrir veg. Greining á ökuritagögnum og ummerki á vettvangi benda til þess að ökumaðurinn hafi reynt að hægja ferðina fljótlega eftir að hægri hjól bifreiðarinnar voru komin út af veginum, og eins og mögulegt var áður en bifreiðin rann yfir heimreiðina. Eftir að bifreiðin var komin yfir heimreiðina voru vinstri hjól hennar einnig komin út fyrir veginn. Hún rann því næst niður fláann og yfir ána þar sem hún skall harkalega á árbakkanum hinum megin og stöðvaðist.

## Áfengis- og lyfjaramsókn

Niðurstaða áfengisrannsóknar á ökumanni var neikvæð. Ekki var framkvæmd lyfjamæling.

## Orsakagreining

- Ökumaður hópbifreiðar missti stjórn á bifreiðinni og ók út af beinum vegi
- Sennilega var ökumaðurinn ekki hæfur til að aka hópbifreið sökum heilsubreysts og lyfjanotkunar
- Ökumaðurinn var ekki spenntur í öryggisbelti
- Hópbifreiðinni var ekið yfir hámarkshraða
- Hópbifreiðin rakst á brattan árbakka í nánasta umhverfi vegarins



## Tillaga í öryggisátt

### Reglur um mat á andlegu og líkamlegu hæfi

Að mati Rannsóknarnefndar samgönguslysa eru ákvæði í reglugerð um ökuskírteini sem hefðu sennilega getað komið í veg fyrir þetta slys, ef þeim væri framfylgt. Beinir nefndin því til Samgöngustofu að setja strax reglur um hvernig meta skuli hvort umsækjendur um ökuskírteini fullnægi III. viðauka um andlegt og líkamlegt heilbrigði eins og kveðið er á um í 3. gr. reglugerðar um ökuskírteini nr. 830/2011 með síðari breytingum.

Í 3. gr. reglugerðar um ökuskírteini nr. 830/2011 með síðari breytingum kemur fram að Samgöngustofa skuli setja reglur um hvernig meta skuli hvort umsækjandi um ökuskírteini fullnægi skilyrðum í III. viðauka um andlegt og líkamlegt heilbrigði. Þessar reglur hafa ekki verið settar. Að mati nefndarinnar er mikilvægt að framfylgja þessu ákvæði með reglusetningu svo auðvelda megi læknum að uppfylla þær skyldur sem á herðar þeirra eru lagðar við mat á umsækjendum um ökuskírteini og endurnýjun ökuleyfis. Bendir nefndin jafnframt á að í III. viðauka eru mismunandi heilbrigðiskröfur gerðar eftir því hvort umsækjandi er að sækja um eða endurnýja aukin ökuréttindi eða almenn. Að mati nefndarinnar ætti að taka umsókn um aukin ökuréttindi sérstaklega fyrir í fyrrnefndum reglum. Nefndin ítrekar einnig fyrri tillögu nefndarinnar að útbúa nýtt vottorðseyðublað fyrir veitingu og endurnýjun ökuréttinda

Undirliggjandi sjúkdómur sem ökumaðurinn var haldinn var þekkt ástand þegar hann sótti um endurnýjun ökuréttinda fyrir nokkrum árum. Nefndin bendir á að í viðauka III í framangreindri reglugerð er fjallað um að endurnýjun ökuskírteina geti verið háð reglulegu endurmati þegar hætta er á að undirliggjandi sjúkdómur umsækjanda versni, þ.e. ökuhæfi skerðist. Að mati nefndarinnar átti þetta ákvæði við í þessu máli og hefði reglulegt endurmat á ökuhæfni ökumannsins átt að fara fram áður en slysið gerðist.

### Hættulegt vegumhverfi

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til veghaldara að framkvæma öryggisúttekt á Ólafsfjarðarvegi og vinna að úrbótum til að bæta umferðaröryggi á veginum.

Beggja vegna Ólafsfjarðarvegar við ræsið þar sem slysið varð eru hættur í vegumhverfinu. Hátt fall er fram af veginum og brattir fláar inn á afleggjara bæði til austurs og vesturs. Beinir nefndin því til veghaldara að gera öryggisúttekt á veginum og skoða með hvaða hætti er hægt að bæta öryggi vegfarenda á þessum stað. Bendir nefndin á að alls hafa orðið sex banaslys á Ólafsfjarðarvegi frá 2009. Fullt tilefni er til að taka þennan veg til sérstakrar skoðunar.

## Ábendingar

### Ökuhæfi og veikindi

Veikindi og lyfjanotkun vegna þeirra geta haft neikvæð áhrif á hæfni einstaklinga til að stjórna ökutæki örugglega. Sum lyfseðilsskyld lyf hafa slævandi áhrif sem gerir það varasamt að stjórna ökutæki eða vinna störf sem þarfnast fullrar einbeitingar. Mikilvægt er að læknar upplýsi sjúklinga sína um áhrif slævandi og róandi lyfja á viðbragðsflýti og einbeitingu. Jafnframt er mikilvægt að

einstaklingar hafi sjálfir í huga þessar aukaverkanir lyfja og fylgi leiðbeiningum lækna og fylgiseðla af nákvæmni.

Í III. viðauka reglugerðar um ökuskírteini nr. 830/2011 eru gerðar strangari heilbrigðiskröfur til m.a. ökumanna sem aka vöru- og hópbifreiðum. Rannsóknarnefnd samgönguslysa bendir á að mikilvægt er að ökumenn, sérstaklega þeir sem aka bifreiðum sem krefjast aukinna ökuréttinda, hætti akstri ef þeir eiga við veikindi að stríða sem skerða ökuhæfni eða nota lyf sem skerða ökuhæfni.

### **Notkun öryggisbelta**

Ökumaðurinn sem lést var ekki spenntur í öryggisbelti og kastaðist fram á stýrið í slysinu. Nefndin telur mögulegt að ökumaðurinn hefði lifað slysið af hefði hann verið spenntur í öryggisbeltið. Rannsóknarnefnd samgönguslysa telur mikilvægt að brýna fyrir ökumönnum og farþegum að nota ávallt öryggisbelti, hvort sem verið er að fara styttri eða lengri vegalengdir. Vanhöld á notkun öryggisbelta eru ein helsta orsök banaslysa í umferðinni.

### **Áfengis- og lyfjamælingar í alvarlegum slysum**

Rannsóknarnefnd samgönguslysa gerir athugasemd við að ekki var framkvæmd lyfjamæling á ökumanni bifreiðarinnar. Nefndin hefur áður bent á nauðsyn þess að útiloka þann þátt í rannsóknum allra alvarlegra umferðarslysa.

### **Skýrsluna samþykkja:**

Geirþrúður Alfreðsdóttir  
Ásdís J. Rafnar  
Guðmundur Freyr Úlfarsson  
Guðrún Nína Petersen  
Kristín Sigurðardóttir

### **Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa**

Sævar Helgi Lárusson  
Stjórnandi rannsóknar

**Reykjavík 17. janúar 2020**  
**Rannsóknarnefnd samgönguslysa**